

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.40.

Mættir voru auk hans:

Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi starfsmanna  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Rektor kynnti dagskrá fyrsta fundar fullskipaðs háskólaráðs og kvað hann skipun ráðsins taka gildi í dag. Bauð rektor sérstaklega velkomna fulltrúa háskólaráðs. Kynnti hann síðan dagskrá.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

1003033

Fundargerð 296. fundar var samþykkt og undirrituð af Kristínu Ástgeirsdóttur sem sat fundinn. Fundargerð 297. fundar verður borin upp á næsta fundi.

### 2. Dómnefndarálit, Ársæll Már Arnarsson

1005032

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi óskaði nýju háskólaráði velfarnaðar. Gerði hann grein fyrir álit dómnefndar dagsettu 8. júní 2009 þar sem Ársæli var veittur framgangur til dósents. Ennfremur dómnefndarálit frá 5. nóvember 2010, byggðu á hinu fyrra. Niðurstaða þess er að Ársæll sé hæfur til að gegna prófessorsstöðu við HA. Háskólaráð staðfesti það einróma. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundi.

### 3. Árskýrsla síðanefndar HA 2009 - 2010

1011015

Rektor lagði fram ársskýrslu síðanefndar sem er dagsett 8. nóvember 2010. Rætt var um hvort þörf væri á að efla kennslu í siðfræði. Sveinn taldi vera gagnlegt ef kennarar vektu athygli á gildandi reglum um viðurlög við ritstuldi í gögnum sem þeir dreifa til nemenda. Einnig var ákveðið að vekja athygli kennara á því að skýrslan er komin út.

#### 4. Skipun stjórnar rannsóknasjóðs HA

1010041

Rektor lagði fram tillögu að skipun stjórnarinnar og samþykkti háskólaráð hana einróma. Aðalfulltrúar eru: Elísabet Hjörleifsdóttir, Hjörleifur Einarsson, Kristinn P. Magnússon, Sigrún Stefánsdóttir og María Steingrímisdóttir. Samþykkt var að Sigrún Stefánsdóttir yrði skipuð formaður.

Til vara: Halldóra Haraldsdóttir, Ingvar Teitsson, Rachael Lorna Johnstone og Arnheiður Eypórsdóttir. Háskólaráð fól rektor að ljúka við skipun stjórnarinnar.

#### 5. Rekstraryfirlit janúar-nóvember

1004008

Úlfar dreifði yfirlitinu og útskýrði hvernig það er byggt upp og einnig helstu frávik frá áætlun. Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er 1.221.435 mkr. eða 90.06% af áætlun og rekstur ýmissa verkefna er 46.188 mkr. eða 78.72% af áætlun en viðmiðið er 91.66%. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur stendur betur nú en stundum áður.

Kristín og Páll lýstu ánægju sinni með hversu vel hefði tekist að halda rekstrinum innan áætlunar. Vegna fyrirspurnar sagði rektor frá málefnum RES-Orkuskóla. HA og HÍ hafa sagt upp þríhliða samstarfssamningi við RES og þjónustusamningur milli HA og RES rennur út um áramót 2010-2011. Nemendur verða útskrifaðir í febrúar 2011 en nýir nemendur ekki teknir inn.

Ríkisendurskoðun hefur gert úttekt á starfsemi RES. RES mun fara í greiðslustöðvun. Rektor hefur lýst yfir að HA verði til viðræðna um aðkomu að RES í framtíðinni ef rekstur orkuskólans reynist eiga framtíð fyrir sér.

Fram kom tillaga um að tengsl HA og RES yrðu útskýrð fyrir starfsfólki HA með tilkynningu.

Varðandi rekstraráætlun fyrir 2011 sagði Ólafur að drög hafa verið send menntamálaráðuneyti. Áætlunin er byggð á upplýsingum frá fræðasviðum um námsframboð. Unnið hefur verið að því m.a. að draga úr kennslumagni á fræðasviðunum og að öðrum sparnaðaraðgerðum í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs 7. júlí. Stefnt er að því að leggja fram rekstraráætlun til samþykktar á næsta háskólaráðsfundi.

Háskólaráð var einróma sammála um nauðsyn þess að taka upp rannsóknamissari á árinu 2011. Rætt var um kosti þess að stofnaður yrði sjóður til styrktar rannsókna við háskólann.

Rektor þakkaði Úlfari fyrir rekstraryfirlitið.

#### 6. Önnur mál

Ákveðið var að halda næsta fund mánudaginn 24. janúar kl. 12.

Rektor óskaði öllum fundarmönnum gleðilegra jóla og góðrar heimferðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40.